

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/461**

2022/EES/10/27

frá 16. mars 2021

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar dagsetningu fyrir móttöku beiðna um viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar jafngildi samkvæmt fyrirkomulagi á innflutningi lífrænt ræktaðra vara sem byggist á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 ⁽²⁾ er fastsett að í stað kerfis eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila, sem framkvæmdastjórnin viðurkennir á grundvelli 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 til að framkvæma eftirlit og til að gefa út vottorð í þriðju löndum sem veita jafngildar ábyrgðir að því er varðar innflutning á vörum, komi kerfi eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila sem framkvæmdastjórnin viðurkennir að því er varðar innflutning á vörum sem eru í samræmi við tilskildar kröfur.
- 2) Vegna uppkomu COVID-19-heimsfaraldursins og tengds hættuástands á sviði lýðheilsu var deginum þegar reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda og tilteknum öðrum dagsetningum sem um getur í þeirri reglugerð frestað um eitt ár með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 ⁽³⁾. Af þessu leiðir að reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.
- 3) Til að tryggja að nægileg geta stjórnsýslunnar yrði fyrir hendi til að unnt væri að viðurkenna eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila tímanlega samkvæmt nýja kerfinu var 1. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ⁽⁴⁾ breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/25 ⁽⁵⁾ til að innleiða lokadagsetningu fyrir viðtöku nýrra beiðna um viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar jafngildi samkvæmt gamla kerfinu. Sú lokadagsetning er 30. júní 2020.
- 4) Því er nauðsynlegt að breyta 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 einu sinni enn til að samræma dagsetninguna fyrir viðtöku nýrra beiðna um viðurkenningu á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum, að því er varðar jafngildi samkvæmt gamla innflutningskerfinu, við dagsetninguna þegar nýja innflutningskerfinu í reglugerð (ESB) 2018/848 er komið á fót.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 91, 17.3.2021. bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 323/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1693 frá 11. nóvember 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara að því er varðar daginn þegar hún kemur til framkvæmda og tilteknar aðrar dagsetningar sem um getur í þeirri reglugerð (Stjtið. ESB L 381, 13.11.2020, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/25 frá 13. janúar 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 18).

- 6) Til að gefa viðkomandi eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum möguleika á að nýta til fulls þann tíma sem eftir er til 30. júní 2021, eftir að viðkomandi upplýsingatæknitól hefur verið endurvirkjað, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 kemur dagsetningin „30. júní 2021“ í stað „30. júní 2020“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
